

Félag framhaldsskólanema

Hínu húsinu, Aðalstræti 2, 101 Reykjavík
póstbólf 444, 121 Reykjavík

Reykjavík, 4. febrúar 1997,

Alþingi

Formaður allsherjarnefndar,
Sólveig Pétursdóttir

Erindi nr. Þ 121/894

komudagur 6/2 1997

Eftirfarandi er álitserð Félags framhaldsskólanema varðandi frumvörp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr.19/1940 (183. mál, þingskjal 204).

I. KAFLI

Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940

Um 1. grein:

Við teljum ærna ástæðu til þess að þessu ákvæði sé bætt í lög. Það er of algengt að gloppur í kerfi og lögum hindri það sem ætti að vera eðlilegur framgangur slíkra mála.

Um 2. grein:

Það sama gildir hér. Þörf er á hertum viðurlögum í öllum málum hérlendis og það að nú skuli talið refsivert að eiga muni keypta fyrir illa fengið fé er skref í rétta átt.

Um 3. grein:

Sjálfsagt.

Um 4. grein:

Góð grein og þörf. Sjálfsagt er þó, eins og tekið er fram, að taka tillit til brota sem framin eru af gáleysi. En hvernig er hægt að skilgreina, hvað þá sanna, gáleysi?

II. KAFLI

Breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969

Um 5. grein:

Þetta er sjálfsagt mál. Við lýsum þó yfir furðu okkar á því að ekkert þessu líkt hafi verið bundið í lög þar til nú.

III. KAFLI

Breyting á lögum um ávana-og fíkniefni, nr. 65 21. maí 1974

Um 6. grein:

Við teljum brýna þörf á að öll lög varðandi þennan málaflokk séu afar ströng vegna hins mikla vandamáls sem þjóðin glímir nú við. Það veldur aftur undrun að þetta skuli ekki hafa verið fært í lög fyrr.

Um 7. grein:

Við teljum ekki vera fráleitt að allt andvirði ólöglegrar sölu ávana-og fíkniefna sem gert er upptækt renni til forvarnarstarfa, þ.e. lögreglu, SÁA, Jafningjafraeðslu og annarra slíkra aðila. Þetta fé á ekkert erindi í ríkissjóð nema því sé varið til forvarna.

(Hér verður einhver meinlegur ruglingur á númeraröð kafla. Kemur ekki IV. kaflí á eftir III? Hví eru tveir kaflar merktir V? Þetta þyfti að laga. Þótt leiðinlegt sé að vera með smámunasemi viljum við benda á tvær villur sem slæðst hafa með í prentun. Sú fyrri er í fyrirsögn frumvarpsins þar sem stendur: „...breyting“ í stað „...breytingu“. Sú seinni er í fyrirsögninni um breytingar á þyfalögum þar sem stendur 20 maí í stað 20. maí.)

IV. KAFLI

Breyting á tollalögum, nr. 55 30. mars 1987

Um 8. grein:

Enn og aftur er þetta sjálfsagt mál.

V. KAFLI

Breyting á lögum um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma, nr. 56 19. maí 1993

Um 9. grein:

- a) Gleðilegt er að við skulum taka þátt í starfi Sameinuðu þjóðanna í baráttunni gegn glæpum á alþjóðavettvangi, einkum hvað varðar ávana-og fíkniefnaglæpi.
- b) Sjálfsagt.
- c) Sjálfsagt.

Um 10.-12. grein:

Sjálfsagt.

VI. KAFLI

Breytingar á lyfjalögum, nr. 93 20. maí 1994

Um 13. grein:

Áriðandi er að taka fram að misferli varðandi lyf sem kaupa má í lyfjabúðum geti talist refsivert. Margsinnis hefur það átt sér stað að fólk verður sér úti um hættuleg lyf á þann hátt í þeim eina tilgangi að komast í vímu. Það sama gildir um allan ávinning af slíkum brotum. Ávanabindandi lyf fást einungis út á lyfseðil læknis þannig að hart þyrfti að taka á lyfseðlaglöðum læknum, sem því miður virðast vera margir.

VII. KAFLI

Gildistaka


Um 14. grein:

Engar athugasemdir, eðlilega.

Okkur er mikil ánægja að geta lagt álit okkar að mörkum þegar kemur að þessu mikla vandamáli sem félagsmenn okkar finna einna helst fyrir. Við erum jú markhópur fíkniefnasala og ungmennum þjóðarinnar stafar mikil hættu af þessu. Því fögnum við öllu sem studlar að bættum og hertum lögum og reglum sem snerta þetta mál. Jafnframt teljum við að afar mikilvægt sé að fylgja fíkniefna-og þvættissamningum Sameinuðu þjóðanna. Þótt þetta séu ályktanir og samingar sem samþykktar voru á skrautsýningafundum alþjóðlegra stjórn mála er margt í þeim sem getur studlað að stórauðnum árangri í baráttunni gegn glæpum og fíkniefnum, sem eru stærstu þjóðfélagssjúkdómar samtímans. Þetta frumvarp um breytingar á íslenskum hegningarlögum (sem samín voru 1940!!) er breyting til batnaðar í þessum málum héraendis og er ekki batnandi þjóðfélagi best að lifa?

Við viljum biðjast velvirðingar á því hversu seint þessi greinargerð berst. Ástæða þess er sú að frumvarpið barst okkur aldrei í hendur, hvernig sem á því stendur. Samt sem áður, betra seint en aldrei. Undirritaður sótti frumvarpið á skrifstofu Alþingis þann 4. febrúar.

F.h. Félags framhaldsskólanema



Ásgeir Sigfússon
gjaldkeri